

ÞINGEYJAR SVEIT

**HVAÐ ER AÐ
FRÉTTA?**



FEBRÚAR 2025

Í FRÉTTUM ER ÞETTA HELST...

Að venju ríkir einstakur andi á skrifstofu sveitarfélagsins, þar sem samstarf, gleði og lausnamiðuð nálgun einkenna vinnustaðinn. Við erum heppin að hafa teymi fólks sem leggur sig fram við að veita íbúum góða þjónustu og vinna saman af jákvæðni og samheldni í þágu samfélagsins. Hrós mánaðarins frá mér fær starfsfólk skrifstofunnar!

Verkefni síðasta mánuðar hafa verið fjölbreytt og fjölmörg.

Vinna við umferðaröryggisáætlun Þingeyjarsveitar stendur yfir, góð svörun var við íbúakönnun sem var aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins fram til 20. febrúar. Íbúum eru færðar þakkir fyrir góða þátttöku og gagnlegar ábendingar sem nýtast vel í áframhaldandi vinnu við áætlunina.

Mikið er umleikis hjá umhverfis- og framkvæmdasviði þar sem undirbúningur fyrir verkefni ársins stendur yfir og fyrstu verkefni þegar hafin. Viðhalds- og nýframkvæmdar verkefni sem liggja fyrir á árinu eru á þriðja hundrað, sum þeirra lítil en önnur stór.

Sveitarstjórn fékk góða heimsókn á dögnum þegar fulltrúar SSNE komu til okkar í Þingey og kynntu helstu verkefni og áherslur samtakanna. Áttum við gott spjall um tækifærin sem felast í stuðningi og samstarfi við SSNE.

Húsnæðisáætlun 2025 var samþykkt á síðasta fundi sveitarstjórnar og áfram verður unnið að uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í sveitarfélaginu. Í vor hefjast framkvæmdir við þrjár íbúðir í Reykjahlíð í samstarfi við Brák hses. Áframhaldandi viðræður verða við Brák og Bríet um uppbyggingu í sveitarfélaginu til næstu ára.

Vetrarhátíð við Mývatn, hátíð Þingeyjarsveitar stendur nú sem hæst og er hin glæsilegasta. Ég hef farið á þó nokkra viðburði sem allir hafa verið stórskemmtilegir. Ég hvet ykkur öll til að mæta á þá viðburði sem eftir eru og hafa gaman saman!

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir
sveitarstjóri

BOLLALEGGINGAR SVEITARSTJÓRA



Starfsfólk skrifstofunnar á öskudeginum!

HÉR MÁ NÁLGAST
SORPHIRÐU DAGATAL
ÞINGEYJARSVEITAR 2025



NÝ HEIMASÍÐA ÞINGEYJARSVEITAR Í LOFTIÐ

Þingeyjarsveit hefur opnað nýja og endurbætta heimasíðu sem markar stórt skref til að bæta upplýsingaflæði og þjónustu við íbúa og gesti sveitarfélagsins.

Með fersku og nútímalegu útliti og einfaldara leiðarkerfi er markmiðið að gera þjónustu sveitarfélagsins skilvirkari og heimasíðuna auðveldari í notkun. Nýja vefsíðan gerir notendum kleift að finna helstu upplýsingar fljótt og örugglega, hvort sem um er að ræða opnunartíma, fundargerðir, umsóknarform eða viðburðadagatal.

"Við vonumst til þess að nýja heimasíðan muni ná betur til íbúa okkar og auka aðgengi að upplýsingum um þá þjónustu sem sveitarfélagið veitir. Markmiðið er að skapa öflugra tól fyrir samskipti og samráð milli íbúa og sveitarfélagsins," segir Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri.

„Okkur þykir vænt um að heyra viðbrögð og fá endurgjöf frá íbúum, þrátt fyrir að vefsíðan sé komin í loftið mun hún vera í stöðugri vinnslu og uppfærslu áfram.

Við hvetjum íbúa til að skoða heimasíðuna og senda okkur ábendingar eða hugmyndir sem geta hjálpað okkur að gera hana enn betri. Á síðunni er að finna ábendingahnapp því er mjög þægilegt að senda okkur endurgjöf með einu klikki!


HVERSU STÓR ER ÞÍN JÖRD?

HMS vinnur að uppbyggingu landeignaskrár svo til verði heildstætt upplýsingakerfi um eignarhald lands á Íslandi. Undanfarin ár hefur verið mikil umræða um eignarhald lands á Íslandi en skráning fasteigna eins og henni hefur verið háttað fram til þessa í fasteignaskrá hefur ekki getað gefið skýr svör um stærðir eigna og afmörkun þeirra.

Búið að áætla um 1.730 jarðir í landeignaskránni, allt frá Hrútafjarðará að Skjálfandafljóti. Þá hafa um 4.000 einstaklingar og lögaðilar fengið bréf í gegnum island.is um að eignamörk jarða hafi verið áætluð í landeignaskrá HMS. Við áætlun eignamarka er stuðst við opinber gögn, til dæmis landamerkjalyásingar, þinglýst skjöl, örnefni og loftmyndir.

Landeigendur eru hvattir til þess að kynna sér bréfið á island.is og hafa frest til 14. mars að gera athugasemdir.

[Nánar hér.](#)



Úr vefsíðu landeignaskrár HMS

ÖFLUGT VIÐBURÐARDAGATAL FYRIR SAMFÉLAGIÐ

Á nýrri heimasíðu Þingeyjarsveitar er að finna öflugt og notendavænt viðburðadagatal sem ætlað er að sameina allt það sem er að gerast í sveitarfélaginu á einum stað.

Við hvetjum alla íbúa, félagasamtök og viðburðarhaldara til að taka þátt með því að skrá viðburði inn á dagatalið. Hvort sem um er að ræða tónleika, námskeið, fundi eða messur, viljum við tryggja að allir íbúar hafi yfirsýn yfir það fjölbreytta félagslíf sem blómstrar í sveitarfélaginu.


"Það er markmið okkar að dagatalið verði lifandi vettvangur þar sem fólk getur auðveldlega fundið það sem er í gangi ásamt því að koma sínum viðburðum á framfæri," segir Úlla Árdal hjá Mývatnsstofu.

Við skorum á alla að vera virkir þátttakendur og hjálpa okkur að fylla dagatalið af lífi! Skráning viðburða er einföld og fer fram beint á heimasíðunni. Ef upp koma spurningar eða vandamál er starfsfólk sveitarfélagsins ávallt tilbúið að aðstoða.

Saman getum við gert viðburðadagatal Þingeyjarsveitar að ómissandi verkfæri fyrir alla íbúa!

Svona líta viðburðirnir út á forsíðu heimasíðu Þingeyjarsveitar:

Viðburðir



Senda inn viðburð

Yfirlit viðburða



Hér geta allir skráð inn þá viðburði sem þeir vilja koma á framfæri.

GETUR ÞÚ REDDAÐ MÁLUNUM?

Þingeyjarsveit vantar oft gott fólk í smávægileg viðvik, stuttar afleysingar og tímabundin verkefni, stundum með stuttum fyrirvara.

Yfirleitt er um að ræða tímavinnu og verkefni fjölbreytt; heimaþjónusta, liðveisla, þríf og fjölbreytt verkefni á vinnustöðum sveitarfélagsins.

Hentar öllum kynjum.

Nú leitum við að fólki sem er tilbúið að vera á skrá hjá okkur og hringja má í ef á þarf að halda.

Það er engin skuldbinding fólgin í því að vera í bakvarðasveitinni, en hér gætu skapast tækifæri til að prófa eitt og annað.

[Nánar um bakvarðasveitina hér.](#)





ÞINGEYJARSVEIT

AUGLÝSIR SUMARSTÖRF



FLOKKSSTJÓRI VINNUSKÓLA

Starfið felst m.a. í því að stjórna starfi nemenda vinnuskólans, leiðbeina nemendum og fræða þá um rétt vinnubrögð og verkþætti í starfinu í samráði við verkstjóra áhaldahúss. Sinna verkefnum við hreinsun á umhverfi og almennum garðyrkjustörfum. Flokksstjóri vinnur auk þess markvisst að því að efla liðsheild og góða líðan nemenda.

Hæfniskröfur:

- Vera góð fyrirmynd
- Stundvísi og vinnusemi
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi.

Bílpróf er skilyrði og viðkomandi þarf að hafa hreint sakavottorð.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. júní eða eftir samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til og með 20. mars 2025.

Nánari upplýsingar um starfi veitir Ásta F. Flosadóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs: asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is eða í síma 512-1800. Umsóknum ásamt ferilsskrá skal skila á netfangið umsokn@thingeyjarsveit.is.

SUMARSTARF Í ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐ ÞINGEYJARSVEITAR

Í starfinu felst m.a. sláttur opinna svæða og umhirða lóða stofnanna, viðhald og eftirlit með eignum sveitarfélagsins, ásamt öðrum störfum sem falla undir verkswið Þjónustumiðstöðvar.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðnmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum er skilyrði
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Vinnuvélaréttindi eru æskileg
- Geta til að vinna í teymi
- Aukin ökuréttindi eru kostur
- Ökuréttindi eru skilyrði
- Íslenskukunnátta

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags og Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eigi síðar en 1. júní eða eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar gefur Ingimar Ingimarsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs Þingeyjarsveitar í síma 512-1800 eða í tölvupóst ingimar@thingeyjarsveit.is

Umsóknarfrestur er til og með 20. mars og skal senda umsóknir á umsokn@thingeyjarsveit.is ásamt ferilsskrá og kynningarbréfi.

Öll kyn eru hvött til þess að sækja um. Þingeyjarsveit áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

FRÁBÆRLEGA GÓÐ STEMNING Á VETRARHÁTÍÐ

#VETRARHÁTÍÐ

#VISITMYVATN

#PINGEYJARSVEIT

Vetrarhátíð við Mývatn er í fullum gangi og lýkur sunnudaginn 9. mars. Dagskráin í ár er afar fjölbreytt og skemmtileg en um 50 viðburðir eru á dagskrá út um allt sveitarfélag.

Við viljum þakka öllum þeim sem lögðu hönd á plóg við undirbúning og framkvæmd hátíðarinnar. Sérstakar þakkir fær Mývatnsstofa fyrir skipulagningu og þá miklu vinnu sem þarf til þess að gera hátíðina að veruleika.

"Þrátt fyrir að snjóinn hafi vantað í ár, þá hefur hátíðin verið full af lífi og gleði. Samheldni og kraftur samfélagsins skín í gegn og við erum innilega þakklát öllum þeim sem gera hátíðina að þessari miklu veislu sem hún er. Sérstaklega ánægjulegt er að segja frá því að erlendum gestum fjölgar sífellt og æ fleiri fyrirspurnir um hátíðina eru að koma erlendis frá," segir Soffía Kristín Jónsdóttir verkefnisstjóri Vetrarhátíðar við Mývatn

Við hvetjum alla til að njóta þeirra viðburða sem eftir eru á hátíðinni okkar í ár. Hvernig hljómar að kíkja á heimatónleika á Laugum, dorga á Mývatni og fara í vöflukaffi hjá Kvenfélagi Fnjóskdæla? [Sjá dagskrána hér.](#)

Við leyfum nokkrum myndum frá hátíðinni í ár að fylgja með!



Frá hópreið út í Mikley, mynd fengin frá facebook síðu Mývatn open.



Frábær mæting í háskólasetrið Gíg þar sem spjallað var um rétt náttúrunnar



Hljómsveitin Þau spiluðu á stofutónleikum í Bergholti



Pylsur grillaðar á fjölskyldudegi UMF Bjarma í Vaglaskógi



Gunnar Rögnvaldsson var með stofutónleika í Sólgarði í Fnjóskadal



Hið árlega kökuhlaðborð í Selinu glæsilegt eins og alltaf



Hópur fólks fór í göngu með landverði um Skútustaðagíga



Þingeyjarsveit óskar eftir að ráð öflugan og framsækinn einstakling í starf verkefnastjóra veitna. Starfið heyrir undir umhverfis- og framkvæmdasvið og er tímabundið til tveggja ára, með möguleika á framlengingu.

NÝTT STARF

100% STARFSHLUTFALL

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ

- Daglegur rekstur, viðhald og eftirlit veitukerfa og búnaðar
- Umsjón og eftirlit með tæknibúnaði hita-, vatns- og fráveitu
- Umsjón með gerð viðhaldsáætlana
- Umsjón með viðhaldi veitukerfa og endurnýjun mæla
- Vinna við viðhaldsverkefni og nýframkvæmdir veitumannvirkja
- Innkaup á búnaði og verkefnastjórnun því tengt

MENNTUNAR OG HÆFNISKRÖFUR

- Tæknimenntun s.s. verk- eða tæknifræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð reynsla sem nýtist í starfi og/eða reynsla af sambærilegum verkefnum
- Þekking af rekstri og framkvæmdum
- Þekking á áætlanagerð
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð íslenskukunnátta og framsetning á efni í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta og þekking á upplýsingatækni
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skipulagshæfni

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf eins fljótt og hægt er eða eftir samkomulagi.

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Þingeyjarsveit áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum. Öllum umsækjendum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Sótt er um á www.mognum.is

Umsókn skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni umsækjanda.

Nánari upplýsingar veitir Sigríður Ólafsdóttir; sigga@mognum.is

og Ingimar Ingimarsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs, ingimar@thingeyjarsveit.is eða í síma 512 1800.

BLÓMSTRANDI FÉLAGSMIÐSTÖÐ

Það er ánægjulegt að sjá hversu vel starf Félagsmiðstöðvar Þingeyjarsveitar gengur og hversu góð þátttaka ungmenna er í starfinu. Félagsmiðstöðin starfar á þremur stöðum í sveitinni og skapar ungmennum öruggt og uppbyggilegt rými til að hittast, taka þátt í fjölbreyttum viðburðum og styrkja félagsleg tengsl.

Fyrirhugað er að fara tvær spennandi ferðir með hópinn á næstunni. Annars vegar á Norðurorg á Sauðárkróki, þar sem ungmenni úr Þingeyjarskóla munu flytja söngatriði og hins vegar á stóra ungmennapíngið Samfés í byrjun maí.

"Þessar ferðir eru mikilvægur hluti af starfinu og gefa ungmennum tækifæri til að kynnast jafningjum víðar að, læra af öðrum og njóta þess að vera hluti af stærra samfélagi," segir Ásta F. Flosadóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Við viljum þakka öllum sem koma að starfinu og leggja sitt af mörkum til að skapa líflegt og nærandi umhverfi fyrir ungt fólk í Þingeyjarsveit.



Vilt þú koma og vinna með okkur?



Þingeyjarsveit

LAUS STÖRF Í ÞINGEYJARSVEIT

Á heimasíðu Þingeyjarsveitar má finna laus störf í sveitarfélaginu. Opið er fyrir umsóknir í eftirfarandi stöður:

- **80 % starf í mótuneyti Þingeyjarskóla**
- **65% starf í mótuneyti Þingeyjarskóla**
- **Starf í heimaþjónustu í Bárðardal og Kinn**
- **Matráður í Reykjahlíðarskóla**
- **Sumarafleysingar í íþróttamiðstöðvum Þingeyjarsveitar**

NÁNARI UPPLÝSINGAR HÉR



Þingeyjarsveit

SKÓLASTJÓRI REYKJAHLIÐARSKÓLA

Staða skólastjóra við Reykjahlíðarskóla er laus til umsóknar frá og með 1. ágúst 2025. Leitað er að öflugum og framsýnum leiðtoga sem er tilbúinn til að leiða þróttmikið skólastarf og taka þátt í öflugu skólasamfélagi.

Reykjahlíðarskóli er í Reykjahlíð í Mývatnssveit. Skólinn er samrekinn leik-, grunn- og tónlistarskóli með tæplega 50 nemendum í grunnskóladeild og um 25 nemendum í leikskólanum Yl. Áhersla er lögð á fjölbreytta kennsluhætti innan skólans sem og að skapa leik- og námsumhverfi sem auðgar bernsku barna og örvar þroska þeirra.

Starfssvið skólastjóra:

- Ábyrgð á rekstri skólans og daglegri starfsemi
- Fagleg forysta á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Ábyrgð á samstarfi við heimili og samfélag

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Umsækjandi skal hafa leyfi til að nota starfsheitið kennari og reynslu af kennslu á grunnskólastigi.
- Viðbótarmenntun á sviði stjórnunar er æskileg.
- Reynsla af rekstri, stjórnun og þróunarstarfi er kostur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Metnaður, skipulagshæfni og leiðtogahæfileikar.

Leitað er að einstaklingi sem hefur skýra sýn í skólamálum, er metnaðarfullur, skapandi og áhugasamur um nærsamfélagið. Skólastjóri skal vera reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi. Hann starfar í nánu samstarfi við sviðsstjóra og aðra stjórnendur sem heyra undir fjölskyldusvið og tekur þátt í verkefnum sem snúa að þróun í skólamálum í Þingeyjarsveit. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands.

Umsóknarfrestur er til og með 25. mars nk.

Nánari upplýsingar veitir Ásta F. Flosadóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs í síma 512 1803 og á netfangið asta.flosadottir@thingeyjarsveit.is.

Umsóknum sem greina frá menntun og fyrri störfum ásamt kynningarbréfi og afriti af leyfisbréfi skal skila í tölvupósti á netfangið umsokn@thingeyjarsveit.is.

FÉLAGSSTARF 60 ÁRA OG ELDRI Í ÞINGEYJARSVEIT

Dalirnir

Opin hús á þriðjudögum til skiptis í Stórutjarnaskóla og Þingeyjarskóla

Mars

4. Þingeyjarskóli

11. Stórutjarnaskóli

18. Framhaldssk. Laugum

25. Þingeyjarskóli

Apríl

1. Stórutjarnaskóli

8. Þingeyjarskóli

15. Páskafrí

22. Stórutjarnaskóli

29. Þingeyjarskóli

Maí

6. Stórutjarnaskóli

13. Þingeyjarskóli

Hádegismatur:

kl. 12:30 í Stórutjarnaskóla (464 3222)

kl. 13:00 í Þingeyjarskóla (464 3583)



Þeir sem ætla að fá hádegismat þurfa að panta fyrir hádegi á mánudeginum fyrir samverustund. Hádegismatur kostar 853 kr. á mann og verður krafa send í heimabanka tvisvar sinnum á önn.

Boccia hefst kl. 11:30 í Stórutjarnaskóla þegar samvera er þar.

Minum á facebook síðu okkar sem heitir „Opið hús - samvera aldraðra í Þingeyjarsveit“

Bestu kveðjur, Hanna Magga (863 3381) - Svana (898 0463)



Mývatnssveitin


Opin hús í Selinu á þriðjudögum
milli kl. 13:00-16:00

Spjall, spil, kaffiveitingar
og ýmsar upptakomur.

Alltaf góður félagsskapur!

Velkomin

Ásdís í Seli





FUNDADAGATAL ÞINGEYJARSVEITAR

MARS

- 6. Byggðarráð/FRÆV
- 10. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd
- 11. Íþróttu- og tómstundanefnd
- 13 Umhverfisnefnd
- 19. Skipulagsnefnd
- 20. Byggðarráð
- 25. Viðtalstími í Mývatnssveit
- 27. Sveitarstjórn

Smelltu [HÉR](#) til að lesa síðustu fundargerðir.

Allar fundargerðir nefnda má finna á thingeyjarsveit.is

Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðamaður: Dagry Þénuardóttir-hlaupastelpan@t.is - t: 8953366

Við minnum á að Hlaupastelpan birtist rafrænt á heimasíðu Þingeyjarsveitar og kemur að jafnaði út vikulega.

FYLGDU ÞINGEYJARSVEIT Á INSTAGRAM OG FACEBOOK



Eftirtaldir starfsmenn verða með viðveru í Mývatnssveit sem hér segir í mars:

Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri

Viðtalstímar eftir samkomulagi hjá rjona@thingeyjarsveit.is

Margrét Hólm Valsdóttir sviðsstjóri fjármála- og stjórnisýslusviðs

12. og 26. mars frá 9-15 í Gíg

Ásta F. Flosadóttir sviðsstjóri fjölskyldusviðs

19. mars frá 9-15 í Gíg.

Ingimar Ingimarsson sviðsstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs

11., 18. og 25. mars frá 10-14 í Gíg.

Rögvaldur Harðarson byggingarfulltrúi

11. og 25. mars frá 10-14 í Gíg.

Hægt er að bóka viðtalstíma á öðrum dögum eftir samkomulagi. Beiðnir um viðtalstíma sendist á netfangið: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is eða í síma 512 1800

Skráðu þig á póstlistann

Skráðu netfangið þitt á póstlista Þingeyjarsveitar og fáðu sendar fréttir og tilkynningar í tölvupósti.

SKRÁ MIG

**Skráðu þig á póstlista
sveitarfélagsins á thingeyjarsveit.is
og fáðu allar fréttir sendar beint til
þín!**

Fréttabréf Þingeyjarsveitar 2. árg. 2. tbl.

Ritstj. og ábyrgðamaður: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri

Umsjón: Mývatnsstofa - Úlla Árdal

Þingey, Þingeyjarsveit

Sími: 512 1800

Netfang: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is